

Ár, 2001, mánudaginn 26. nóvember er haldið dómþing í dómstól ÍSÍ af Halldóri Halldórssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 6/2001

Suphit Donkanha

gegn

Stjórn Golfsambands Íslands.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta barst dómstól ÍSÍ 13. þessa mánaðar. Dómari málsins fékk því úthlutað degi síðar.

Kærandi er Suphit Donkanha.

Kærði er stjórn Golfsambands Íslands.

Dómkröfur kæranda eru svohljóðandi; „Krafist er að dómstóll ÍBR úrskurði að stjórn GSÍ beri að lagfæra þá formgalla sem henni varð á og úrskurði að nýju um meint brot forráðamanna NK á forgjafarreglum og lögum þeim sem í gildi voru þegar brotin voru framin þann 21. maí 1998." (Misritun á nafni dómstólsins á að vera ÍSÍ í stað ÍBR)

Með kæru bárust eftirtalin gögn og eru þau lögð fram og númeruð sem hér segir: Nr. 1 Kæra dagsett 13. nóvember 2001. Nr. 2 bréf talsmanns kæranda til GSÍ dags. 7. júlí 1998. Nr. 3 bréf GSÍ dags. 24. júlí 1998. Nr. 4 bréf Nesklúbbsins (NK) til GSÍ dags. 31. ágúst 1998. Nr. 5 bréf GSÍ til NK dags. 4. nóvember 1998. Nr. 6 bréf NK til GSÍ dags. 5. nóvember 1998. Nr. 7 fundargerð stjórnar GSÍ 20. júlí 1998. Nr. 8 yfirlýsing kæranda. Nr. 9 forgjafarkort dags. 21. maí 1998. Nr. 10-11 hluti endurrits úr þingbók dómstóls GSÍ. Nr. 12 umboð kæranda dags. 10. september 1999. Nr. 13 bréf umboðsmanns kæranda til GSÍ dags. 10. október 2001. Nr. 14 bréf sama til sama dags. 4. nóvember 2001. Nr. 15-16 úrdráttur úr úrskurði dómstóls GSÍ. Dómari málsins aflaði eftirtalinna gagna og eru þau lögð fram og númeruð þannig: Nr. 17 úrskurður dómstóls Íþróttabandalags Reykjavíkur uppkveðinn 20. maí 2000.

Nr. 18 endurrit úr þingbók dómstóls GSÍ. Nr. 19 úrskurður dómstóls GSÍ uppkveðinn 20. september 2000.

II.

Málavextir.

Vorið 1998 var kærandi með skráða 36,0 í grunnförgjöf. Eftir að hafa leikið Nesvöllinn þann 10. maí 1998 á 97 höggum eða 61 höggi að frádreginni förgjöf skilaði kærandi inn skorkortinu, staðfestu af talsmanni hennar fyrir dóminum, í þeim tilgangi að fá grunnförgjöf sína lækkaða. Framkvæmdastjóri NK tók við kortinu. Þann 21. maí var haldið mót á Nesvellinum sem kærandi tók þátt í. Við upphaf leiks var kæranda afhent skorkot þar sem fram kom að hún hefði óbreytta förgjöf 36,0. Kærandi gerði ekki athugasemdir við þetta og lauk leik á 100 höggum eða 64 nettó. Áður en mótinu lauk vakti formaður förgjafanefndar NK athygli umsjónarmanns mótsins þá því að kærandi hafi leikið með ranga förgjöf og því bæri að vísa henni úr keppni. Formaður kappleikjaneftar taldi eftir atvikum rétt að leiðrétta einungis skráða skor kæranda með tilliti til þeirra lækkunar sem hún átti að fá á förgjöf sinni vegna kortsins sem skilað var 10. maí 1998. Kærandi fékk ekki verðlaun á mótinu sem hún hefði fengið ef förgjöf hennar hefði verið 36,0. Þessi niðurstaða var skýrð út fyrir kæranda en ekki liggur fyrir hvort hún vegna tungumálaerfiðleika skildi það sem fram fór. Málið var á þessum sama degi einnig skýrt út fyrir talsmanni hennar sem gerði heldur ekki neinar athugasemdir. Sama dag og mótið fór fram hafði breyting á förgjöf kæranda ekki verið færð á förgjafarlista meðlima NK sem hékk uppi í klúbbhúsi.

Síðar skoðar talsmaður kæranda málið betur og kveðst hafa tekið eftir því að breyting á förgjöf kæranda hafi verið skráð 15. maí og taldi talsmaður kæranda að skorkort kæranda frá 10. maí hafi verið falsað í þeim tilgangi að hylma yfir brot forsvarsmanna NK.

Þann 7. júlí 1998 ritaði talsmaðurinn bréf til GSÍ sem hefst með því að hann óskar eftir úrskurði varðandi mál þetta. Málavextir eins og þeir horfa við kæranda eru raktir og bornar fram spurningar í 8 liðum. Stjórn GSÍ ákvað á fundi sínum 20. júlí 1998 að fela skrifstofu sambandsins að svara bréfinu. Þann 24. júlí sendir framkvæmdastóri GSÍ formanni NK bréf þar sem greint er frá kærinni og tekið á þeim 8 atriðum sem kærandi hafði óskað eftir að úrskurðað yrði í. Eftir þetta reyndi ný stjórn GSÍ að sætta málið en án árangurs.

Þann 10. september 1999 bar kærandi málið undir dómstól ÍBR. Þar kærir hún stjórn GSÍ fyrir refsivert aðgerðarleysi og tómlæti með því að láta forráðamenn NK komast upp með að hundsá úrskurð sambandsins og leiðrétta ekki misrétti gagnvart henni. Gerð var krafa um að stjórn GSÍ sætti viðurlögum eftir 8. gr. 3 í dóms- og refsiaðkvæðum ÍSÍ, þ.e. sviptingu réttar til þess að gegna trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar. Í framhaldi af þessu sendir stjórn GSÍ NK bréf þar sem m.a. segir „ítrekar hér með fyrri úrskurð um að málinu verði lokið af hendi NK með því að Suphit verði afhent verðlaun þau, sem hún varð af í viðkomandi móti." Þann 4. nóvember sendi stjórn NK kæranda bréf þar sem fram kom boð um að hún fengi sambærileg verðlaun og veitt voru í mótinu sem haldið var 21. maí 1998. Þann 8. nóvember hafnaði talsmaður kæranda boði stjórnar NK.

Þann 20. maí 2000 vísaði dómstóll ÍBR málinu frá dómi þar sem dómstólnum bæri fyrst og fremst að leysa úr ágreiningi um túlkun laga og reglna við keppni á vegum aðildarfélaganna en slíkur ágreiningur væri ekki lengur til staðar. Þann 20. september 2000 staðfesti dómstóll GSÍ úrskurð ÍBR.

III.

Niðurstaða.

Kæra máls þessa er ekki að formi og efni í samræmi við ákvæði 7. gr. laga um dómstóla Íþróttá og Ólympíusambands Íslands. Þannig vantar í kærana kennitölu og heimilisfang kæranda. Kennitölu og heimilisfang kærða. Heimilisfang forsvarsmanns kærða, símanúmer hans og númer myndsendis. Kröfugerð kæranda er óljós í meira lagi. Af henni verður hins vegar ekki annað ráðið en að kærandi krefjist þess að dómurinn dæmi stjórn GSÍ til að úrskurða í deilumáli sem upp kom á árinu 1998.

Kæra sú sem hér er til umfjöllunar er dagsett 13. nóvember sl. og skal því fara með hana eftir núgildandi lögum um dómstóla Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands sem gildi tóku 1. júní 2001. Það leiðir af dómstólaskipan íþróttahreyfingarinnar að mál verður ekki borið undir dómstól ÍSÍ þegar svo háttar til að sérsamband hefur sinn eigin dómstól, sbr. ákvæði 2. málslíðar 1. gr. laga um dómstóla Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, nema það hafi áður verið dæmt af dómstól viðkomandi sérsambands. Í þessu tilfalli hefur GSÍ sinn eigin dómstól og hafði einnig á þeim tíma sem mál þetta kom upp. Málið var borið undir dómstól ÍBR sem taldi sig eiga lögsögu í málinu en vísaði því frá með þeim rökum sem áður er getið. Dómstóll GSÍ kvað upp úrskurð í málinu og vísaði málinu frá þar sem það hafði ekki verið höfðað

innan tveggja vikna kærufrests sem leiddi af þágildandi 3. gr. dóms- og refsíákvæða ÍSÍ.

Kærandi sætti sig augljóslega ekki við þessa niðurstöðu og bar honum því að skjóta málinu til dómstóls ÍSÍ og gera það innan tveggja vikna frá því að dómstóll GSÍ kvað upp úrskurð sinn sbr. ákvæði 3. mgr. 5. gr. þágildandi dóms- og refsíákvæða fyrir Íþróttasamband Íslands. Það gerði hann ekki og ber þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi án kröfu. Hefði kærandi borið málið undir dómstól ÍSÍ var dómstólnum hins vegar í sjálfsvald sett hvort hann tæki málið fyrir því skv. eldri lögum tók dómstóllinn einungis fyrir mál sem höfðu almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild sbr. þágildandi grein 5.3. í dóms- og refsíákvæðum fyrir Íþróttasambands Íslands.

Í kafla kærunnar sem nefndur er lokaorð er áréttað að kæran fjalli fyrst og fremst um brot á c lið 3. gr. laga GSÍ og því óháð áður nefndu máli sem úrskurðað var 20. maí 2000. Ef þetta er í raun dómkrafa kæranda fyrir dómstól ÍSÍ þá er rétt að taka fram að dómstóll ÍSÍ er áfrýjunardómstóll þegar svo háttar til að sérsamband hefur sinn eigin dómstól. Fyrir áfrýjunardómstól er óheimilt að hafa uppi nýjar kröfur sem ekki hefur áður verið fjallað um í dómstól viðkomandi sérsambands. Slík krafa verður því ekki tekin til umfjöllunar hér.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er máli þessu vísað frá dómi án kröfu.

Halldór Halldórsson, dómari í dómstól ÍSÍ kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ

Máli þessu er vísað frá dómi.

Halldór Halldórsson.